



TÓNLISTARSKÓLI  
GARÐABÆJAR

## VIÐHORFSKÖNNUN FORELDRA 2018

## EFNISYFIRLIT

---

|                                      |   |
|--------------------------------------|---|
| FRAMKVÆMD OG SVÖRUN .....            | 2 |
| ALDUR, NÁMSLENGD OG NÁMSGREINAR..... | 2 |
| HLJÓÐFÆRAKENNSLA OG SAMSPIL .....    | 3 |
| TÓNFRÆÐI.....                        | 6 |
| ÁSTUNDUN OG NÁMSFRAMVINDA.....       | 7 |
| STJÓRNUN OG SKIPULAG .....           | 9 |

**Um framkvæmd og úrvinnslu könnunar sá**

**Hildur Björk Svavarsdóttir**

**fyrir Tónlistarskóla Garðabæjar**

## FRAMKVÆMD OG SVÖRUN

Viðhorfskönnun var send til foreldra nemenda í Tónlistarskóla Garðabæjar í mars 2018. Markmið könnunarinnar var að kanna hug foreldra til starfsins, fá ábendingar um það sem betur mætti fara og búa til vettvang fyrir foreldra til að koma nýjum hugmyndum á framfæri.

Könnunin var byggð að mestu leyti á spurningalista úr viðhorfskönnun sem send var til foreldra nemenda skólans árið 2015 en spurt var um viðhorf til kennslu á hljóðfæri, samspil, tónfræði, skipulag og tímasetningar kennslunnar og stjórnun skólans. Könnunin var send út með tölvupósti 6.mars 2018 og lokað fyrir svörun miðvikudaginn 28.mars. Ein könnun var sent á hvert heimili og réði tilviljun um hvaða barn var spurt ef fleiri en eitt barn var við nám í skólanum. Alls voru sendar beiðnir um þátttöku vegna 330 nemenda 18 ára og yngri. Svör bárust frá 176 foreldrum þannig að svarhlutfall var 53,3%.

Í viðhorfskönnuninni árið 2015 bárust 118 svör. Svör við könnuninni nú eru borin saman við svör frá 2015 í þeim tilvikum sem spurningar eru sambærilegar og gögn aðgengileg.

## ALDUR, NÁMSLENGD OG NÁMSGREINAR

Rúm 70% svara komu vegna barna á aldrinum 6-12 ára en fæst svör bárust vegna yngsta og elsta aldurshópsins eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Aldur nemenda

|           | Fjöldi | Hlutfall |
|-----------|--------|----------|
| 4-5 ára   | 4      | 2,3%     |
| 6-9 ára   | 62     | 35,2%    |
| 10-12 ára | 63     | 35,8%    |
| 13-15 ára | 33     | 18,8%    |
| 16-18 ára | 14     | 7,9%     |
| Alls      | 176    | 100,0%   |

Góð dreifing var á reynslu foreldra af námi í tónlistarskólanum en um 65% þeirra barna sem svarað var fyrir höfðu verið við tónlistarnámið í 1-3 ár.

Tafla 2. Lengd náms

|                 | Fjöldi | Hlutfall |
|-----------------|--------|----------|
| 1 ár            | 40     | 22,7%    |
| 2 ár            | 36     | 20,5%    |
| 3 ár            | 40     | 22,7%    |
| 4 ár            | 15     | 8,5%     |
| 5 ár            | 15     | 8,5%     |
| 6 ár eða lengur | 30     | 17,1%    |
| Alls            | 176    | 100,0%   |

Foreldrar gátu merkt við fleira en eitt þegar spurt var um hvaða nám barn þeirra stundaði við tónlistarskólann. Píanó var langalgengasta hljóðfæranámið og þar á eftir komu strengjahljóðfæri, tréblásturshljóðfæri og gítar.

**Tafla 3. Tónlistarnám**

|                      | Fjöldi     | Hlutfall      |
|----------------------|------------|---------------|
| Píanó                | 48         | 27,3%         |
| Strengjahljóðfæri    | 27         | 15,3%         |
| Tréblásturshljóðfæri | 25         | 14,2%         |
| Gítar                | 23         | 13,1%         |
| Blásarafor nám       | 17         | 9,7%          |
| Málmbásturshljóðfæri | 13         | 7,4%          |
| Slagverk             | 10         | 5,7%          |
| Suzukinám            | 9          | 5,1%          |
| Söngur               | 6          | 3,4%          |
| Gítarfor nám         | 5          | 2,8%          |
| Rafhljóðfæri         | 3          | 1,7%          |
| Harmonika            | 1          | 0,6%          |
| <b>Samtals</b>       | <b>187</b> | <b>106,3%</b> |

## HLJÓÐFÆRAKENNSLA OG SAMSPIL<sup>1</sup>

Um 72% kennslustunda á hljóðfæri fóru fram í húsnæði tónlistarskólans (Kirkjulundi/Álftanesskóla). Húsnæði grunnskóla barnsins var kennslustaður í 22% tilvika og hjá 5% var kennt í húsnæði annars grunnskóla. Árið 2015 fóru 63% kennslustunda á hljóðfæri fram í húsnæði tónlistarskólans.

Ef nemendum er skipt í tvo hópa, 12 ára og yngri og 13 ára og eldri má sjá að algengara var að nemendur færu einu sinni í viku í einkatíma á hljóðfærið eftir 12 ára aldur. Yngri nemendahópurinn fór oftast tvisvar í viku í einkatíma.


**Tafla 4. Tímafjöldi á viku í einkatímum**

|                        | Einu sinni | Tvisvar    |
|------------------------|------------|------------|
| <b>12 ára og yngri</b> | <b>31%</b> | <b>69%</b> |
| <b>13 ára og eldri</b> | <b>73%</b> | <b>27%</b> |

Á mynd 1 má sjá ánægju foreldra með kennslu barnsins á hljóðfærið í einkatímum, hóptímum eða í samspilshópum. Færri svarendur voru í spurningum um hóptíma og samspilstíma eða um 60. Rúm 92% svarenda voru *mjög* eða *frekar* ánægð með kennslu í einkatímum.


<sup>1</sup> Samanburður við könnun frá 2015 er flókinn í þessum hluta könnunarinnar þar sem gögn um fjölda að baki hlutfalla vantar. Ekki er áreiðanlegt að birta hlutfallstölur frá 2015 samhliða niðurstöðum frá 2018 en almennt má segja að þær séu heldur jákvæðari í garð Tónlistarskólans.

**Mynd 1. Ánægja með kennslu á hljóðfæri**



Á mynd 2 má sjá ánægju svarenda með tímasetningu kennslu. Mest ánægja var með tímasetningu einkatíma enda má gera ráð fyrir að erfiðara sé að finna tímasetningu fyrir hóptíma og samspil þegar fleiri nemendur koma saman.

**Mynd 2. Ánægja með tímasetningu kennslu**



Langflestir foreldrar vildu hafa einkatíma í tengslum við skóladag barnsins, þ.e. á skólatíma eða strax að skóladegi loknum. Stærstur hópur svarenda vildi sjá hóptíma og samspil strax eftir skóla. Töluverður munur var á óskum foreldra eftir aldri nemenda eins og sjá má í töflu 5.


Tafla 5. Æskilegar tímasetningar kennslu

| Allir tímar:      | Einkatímar     | Hóptímar       | Samspil      |
|-------------------|----------------|----------------|--------------|
| Á skólatíma       | 41,1%          | 20,4%          | 14,5%        |
| Strax eftir skóla | <b>44,4%</b>   | <b>55,1%</b>   | <b>60,0%</b> |
| Fara heim á milli | 14,3%          | 25,5%          | 25,4%        |
| Einkatímar:       | Yngri nemendur | Eldri nemendur |              |
| Á skólatíma       | <b>50,9%</b>   | 13,2%          |              |
| Strax eftir skóla | 39,5%          | <b>57,9%</b>   |              |
| Fara heim á milli | 9,6%           | 28,9%          |              |

Foreldrar yngri nemenda (12 ára og yngri) vildu í meira mæli hafa einkatímana á skólatíma eða 51% miðað við 13% foreldra eldri nemenda. 58% foreldra eldri nemenda vildu hafa tímana strax eftir að skóladegi lyki en 29% að eldri nemendurnir færu heim á milli. Einungis 10% foreldra yngri nemenda vildu að þeir færu heim eftir skóladaginn og svo í einkatíma.


Ánægja með viðmót kennara var mikil en rúm 81% voru *mjög ánægð* með viðmót kennara og flest þar á eftir voru *frekar ánægð*. Séu tekin saman hlutföll ánægðra má segja að í öllum kennslustundum á hljóðfæri, óháð formi, sé hlutfall ánægðra foreldra yfir 90%.

Mynd 3. Ánægja með viðmót kennara



Síðustu spurningarnar um kennslu á hljóðfærið snérust um líðan barnsins að mati foreldra. Á mynd 4 má sjá að 95% svarenda töldu barninu sínu líða *alltaf* eða *oftast* vel í einkatímum og 90% í hóptímum; þar af um 68% *alltaf*. Heldur meiri óvissa var með samspil og tónleika þar sem færri svarendur merktu við *alltaf* en á móti merktu fleiri við *oftast*.

Mynd 4. Líðan barns



## TÓNFRÆÐI

Um 57% svarenda sögðu barn sitt vera í tónfræði. Af þeim sem sögðu barn sitt ekki vera í tónfræði var það vegna ungs aldurs barns í um helmingi tilvika, 10% sögðu tónfræði ekki vera í boði og 15% barna hafði ekki tíma til að sækja tónfræði, til dæmis vegna skörunar við íþróttaiðkun. Aðrar ástæður voru til dæmis að barnið hefði lokið tónfræði, væri komið lengra en á hljóðfærið, væri að hvíla sig frá tónfræðinni vegna erfiðleika við að ná tókum á námsefninu og að foreldrar hefðu ákveðið að bíða með tónfræðinámið.

Í töflu 6 má sjá niðurstöður úr spurningum um líðan barns í tónfræðitímum og ánægju með viðmót kennara. Um 80% svarenda voru *mjög* eða *frekar ánægð* með viðmót kennara og nær sama hlutfall með líðan barnsins í tónfræðitímum.

Tafla 6. Ánægja með líðan barns og viðmót kennara í tónfræði

|                   | Líðan barns | Viðmót kennara |
|-------------------|-------------|----------------|
| Mjög ánægð(ur)    | 46,6%       | 54,7%          |
| Frekar ánægð(ur)  | 33,3%       | 25,0%          |
| Hvorki né         | 8,9%        | 16,7%          |
| Frekar óánægð(ur) | 8,9%        | 3,6%           |
| Mjög óánægð(ur)   | 2,2%        | 0,0%           |

Þetta eru mun jákvæðari niðurstöður heldur en árið 2015 þegar 65% voru ánægðir með líðan barnsins og viðmót kennara í tónfræði.

## ÁSTUNDUN OG NÁMSFRAMVINDA

Um 22% foreldra töldu börn sín æfa sig minna en eina klukkustund á viku á hljóðfærið sitt. Flestir í yngri hópi nemenda æfðu sig í 1-2 klst. á viku. Eldri nemendur dreifðust meira á allan skalann hvað æfingatíma snerti. Eingöngu eldri nemendur æfðu í 5 klst. eða meira á viku samkvæmt svörum foreldra. Sé litið til niðurstaðna fyrir árið 2015 hefur heldur dregið úr æfingum heima.

Tafla 7. Æfingatími á viku á hljóðfærið heima

|                   | Alls         | Yngri        | Eldri        | 2015       |
|-------------------|--------------|--------------|--------------|------------|
| Minna en 1 klst.  | 21,6%        | 19,3%        | 26,2%        | 17%        |
| 1-2 klst.         | <b>46,3%</b> | <b>53,8%</b> | 26,2%        | <b>48%</b> |
| 3-4 klst.         | 27,8%        | 26,9%        | <b>31,0%</b> | 25%        |
| 5 klst. eða meira | 4,3%         | 0,0%         | 16,7%        | 10%        |

Eðli málsins samkvæmt sögðust foreldrar fremur aðstoða yngri nemendur við að æfa sig á hljóðfærið heima eins og fram kemur í töflu 8. Heldur fleiri foreldrar segjast nú *alltaf* eða *oft* aðstoða barn sitt við æfingarar eða 38,8% samanborið við 31% árið 2015.


Tafla 8. Aðstoð foreldra við æfingar á hljóðfærið heima

|         | Alls         | Yngri        | Eldri        | 2015       |
|---------|--------------|--------------|--------------|------------|
| Alltaf  | 16,0%        | 21,0%        | 2,4%         | 12%        |
| Oft     | 22,8%        | 26,9%        | 11,9%        | 19%        |
| Stundum | <b>24,7%</b> | <b>27,7%</b> | 16,7%        | <b>38%</b> |
| Sjaldan | 23,5%        | 18,5%        | <b>38,1%</b> | 15%        |
| Aldrei  | 13,0%        | 5,9%         | 31,0%        | 16%        |

Næstum allir, eða 93% svarenda, töldu kennara gera *hæfilegar* kröfur til barnsins um ástundun, um 5% töldu þær *of litlar* og 2% *of miklar*. Þetta er nær sama hlutfall og árið 2015.

Á mynd 5 má sjá að svarendur voru almennt sátt við þátttöku barna í tónleikum og á tónfundum en þó vildu um 23% að barnið kæmi oft fram.

Mynd 5. Þátttaka í tónleikum og tónfundum




Þetta eru mjög sambærilegar niðurstöður og árið 2015 þó heldur fleiri hafi verið *mjög sammála* í spurningunni um þátttöku barns á tónleikum nú. Árið 2015 vildu 26% að barnið kæmi oft fram samanborið við 23% nú.



Nokkuð svipaðar niðurstöður voru í næstu tveimur spurningum þar sem spurt var um hvort tónlistarnámið hefði uppfyllt þær væntingar sem foreldrar og börn hefðu gert til þess. Á mynd 6 má sjá niðurstöður þessarar spurningar samanbornar við niðurstöður frá könnuninni 2015. Foreldrar telja bæði ár að námið uppfylli betur eigin væntingar en barnsins en aukning hefur orðið í þeim hópi sem telur námið uppfylla væntingarnar *mjög vel* á milli kannana; bæði fyrir foreldra og börn. Lítilleg aukning hefur orðið í þeim hópi foreldra sem telja námið illa uppfylla væntingar eða 5,6% samanborið við 3% árið 2015.


Mynd 6. Hvort tónlistarnámið uppfylli væntingar



Töluverður munur var á svörum foreldra eldri nemenda en 44% þeirra sögðu námið uppfylla væntingar sínar *mjög vel* en 61% foreldra yngri nemenda. Lítil munur var þó á fjölda þeirra sem töldu námið uppfylla væntingarnar *illa* heldur liggur munurinn í fjölda þeirra sem svaraði *frekar vel*.

Í þessum hluta var að lokum spurt um próf á hljóðfæri. Tæp 65% svarenda töldu mikilvægt að tekin væru próf á hljóðfæri og að þau væru hvetjandi fyrir námsframvinduna. Svarendur virtust nokkuð sáttir við námsmat í tónlistarnáminu.

Mynd 7. Próf og námsmat




Árið 2015 voru niðurstöður sambærilegar þó heldur fleiri hafi verið *mjög sammála* próftöku þá en nú. Miklu munaði á þeim sem vildu sjá **fjölbreyttara námsmat** en þeir voru 43% árið 2015 en 31% nú.

## STJÓRNUN OG SKIPULAG

Um 83% töldu mikilvægt að haldin væru foreldraviðtöl í tónlistarskólanum. Þetta eru heldur færrri en árið 2015 þegar 91% töldu það mikilvægt. Samanborið við 2015 eru niðurstöður um upplýsingagjöf og samskipti við skólann jákvæðari nú og eru 66% *mjög sammála* því að samskipti við tónlistarskólann gangi vel en hlutfallið var 54% árið 2015 svo dæmi sé tekið. Einnig má sjá á mynd 8 að fleiri eru *mjög sammála* því að tónlistarskólanum sé vel stjórnað heldur en 2015 þó hlutfall þeirra sem eru *mjög og frekar sammála* sé svipað milli kannana.

Mynd 8. Upplýsingagjöf og stjórnun



Spurðir um leiðir til upplýsingagjafar var tölvupóstur og sms skilaboð það sem foreldrar töldu best ná til sín en 156 af 176 svarendum völdu tölvupóst og 90 merktu við sms (hægt var að velja allt sem við átti). Næst þar á eftir komu símhringingar en 36 völdu þær. Fáir merktu við upplýsingar á heimasíðu, miða sendan með barni eða fréttabréf. Nokkrir nefndu Facebook síðu í athugasemdum.

Á mynd 9 má svo sjá heildaránægju með starfsemi Tónlistarskóla Garðabæjar. Hlutfall þeirra sem eru *mjög ánægð* eykst úr 55% í 66,7% milli kannana en hlutlausum eða óánægðum fjölgar úr 3% í 6%.

Mynd 9. Ánægja með Tónlistarskóla Garðabæjar þegar á heildina er litið

